

Miðvikudaginn 2. júní 1976.

**Nr. 105/1976. Ákærvaldið**  
 gegn  
**Sigurvin Helgasyni.**

**Dómdur:**

**hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson  
 og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 13. f. m., sem barst Hæstarétti ásamt gögnum máls 26. f. m. og 1. þ. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hefur ákæru fyrir þjófnað tvívegis verið frestað á hendur honum, 1956 og 1957. Hann hefur 13 sinnum verið dæmdur fyrir ýmis hegningarlagabrot, þjófnað, skjalafals, fjársvik, nytjastuld o. fl. Þá hefur hann ýmist með dómi eða dómssáttum sætt sektum 11 sinnum fyrir áfengislagabrot, brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga og vegna ölvunar við bifreiðarakstur, en síðasti dómur, sem varnaraðili hefur sætt, var kveðinn upp 2. september 1974, 7 mánaða fangelsi vegna auðgunarbrot.

Að því er ráðið verður af gögnum máls eru nú eftirtalin kæruatriði, sem varnaraðilja varða, til rannsóknar við sakadóm Reykjavíkur.

1. Að kvöldi miðvikudagsins 4. september 1974 barst rannsóknarlögreglunni í Reykjavík tilkynning um mannslát að Vesturgötu 26 A hér í borg. Hinn látni var Daniel Símonarson, er þarna bjó, fæddur 2. nóvember 1900. Að læknisskoðum lokinni var lík hans flutt í líkhús Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg og krufið tveim dögum síðar.

Er rannsóknarlögreglumenn komu á vettvang, voru þar fyrir auk varnaraðilja Bína Jónsdóttir og Aðalsteinn Hjálmarsson, er einnig hjuggu að Vesturgötu 26 A, í íbúð í vestur-enda kjallara hússins, næst við íbúð Daníels Símonarsonar. Voru þau varnaraðili og Bína drukkin.

Um aðkomuna í íbúð Daníels heitins segir í skýrslu rannsóknarlögreglu, að íbúðin hafi öll verið mjög sóðaleg, allt á rúi og stúi og því erfitt að segja um, hvort þar hefðu átt sér stað átök.

Varnaraðili kveðst greint kvöld hafa komið heim til Daníels Símonarsonar og hafi þeir sest að drykkju, en síðar orðið átök þeirra á milli. Er þeim lauk, kveðst varnaraðili hafa ætlað að hverfa á brott, en dvalist þarna áfram að beiðni Daníels heitins gegn því að fá að binda hendur hans, þar sem varnaraðili hafi óttast, að Daníel mundi ráðast á sig, ef hann sofnaði. Segir varnaraðili þá síðan hafa lagst á gólfið. Eftir þetta kveðst hann ekki muna eftir sér, fyrr en nefnd Bína kom inn í herbergið og stóð yfir þeim, en er þau hugðu að Daníel heitnum, hafi þau talið hann látinn.

Í skýrslu um réttarkrufningu á líki Daníels Símonarsonar segir m. a., að telja verði, „að áverki á hálsi hafi valdið blæðingum í vefi þar og þrengt að öndunarferum, þannig að blætt hafi í lungu mannsins. Bendir það að nokkru til köfnunardauða, en samverkandi að dauðanum verður að telja, að kunni að hafa verið ölvun og kransæðasjúkdómur“.

2. Á tímabilinu 14. ágúst 1974 til 28. apríl 1976 hefur varnaraðili viðurkennt að hafa framið alls fjögur þjófnaðarbrot, en í einu þeirra er talið, að verðmæti þýfis hafi alls numið 340.439 krónum.

3. Þrjú önnur þjófnaðarbrot er varnaraðili grunaður um að hafa framið, 28. júní og 24. júlí 1975 og 2. maí 1976, en þeim sakargiftum hefur hann neitað.

4. Þá hefur varnaraðili viðurkennt að hafa tvívegis, 16. júlí 1975 og 28. apríl 1976, tekið bifreið ófrjálsri hendi og í öðru tilvikinu ekið ölvaður. Hinn 7. f. m. var hann svo staðinn að því að reyna að brjótast inn í bifreið, og loks viðurkennir hann rúðubrot hinn 3. s. m. í húsi við Ránargötu hér í borg.

Meðal gagna máls er yfirlit yfir vist varnaraðilja í fangahúsum síðan 22. ágúst 1974. Segir þar svo:

„1) Sigurvin Helgason var 22. ágúst 1974 úrskurðaður í 7 daga gæsluvarðhald. Samkvæmt úrskurði þessum var hann í gæslu dagana 22. til 26. ágúst 1974.

2) Hinn 5. sept. 1974 var S. H. úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald. Hann var í gæslu skv. úrskurði þessum 5. til 28. sept.

3) Að lokinni gæslu skv. næsta lið hér að ofan hóf S. H. afplánun 7 mánaða fangelsis skv. dómi sakadóms Reykjavíkur 2. sept. 1974. Úttektin fór fram í fangahúsinu í Síðumúla og síðan á Litla-Hrauni 28. sept. 1974 til 26. apríl 1975.

4) Hinn 26. júlí 1975 var S. H. úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald. Skv. áritun á endurrit af úrskurðinum strauk hann úr hegningarhúsinu sama dag, en var gripinn 3 dögum síðar. Hann sætti því gæslu skv. úrskurði þessum 29. júlí til 15. ágúst 1975.

5) Hinn 9. sept. 1975 var S. H. úrskurðaður í 60 daga gæsluvarðhald, og var hann í gæslu skv. úrskurði þessum allan tímann, þ. e. 9. sept. til 8. nóv. 1975.

6) Gæsluvarðhaldsvist S. H. var síðan framlengd um 100 daga, og var hann í gæslu allan tímann, þ. e. 8. nóv. 1975 til 16. febr. 1976.

7) Hinn 13. maí var S. H. úrskurðaður í 100 daga gæsluvarðhald, og er þeirri vist ekki lokið“.

Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar er bókað í þingbók, að varnaraðili hafi óskað þess, að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður réttargæslumaður hans og hann tæki ákvörðun um kæru úrskurðarins. Ekki verður séð, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi verið skipaður réttargæslumaður eða verjandi varnaraðilja, en af undirkrift í þingbók, er varnaraðili kom fyrir dóm 30. desember 1975, sést, að Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður hefur sótt dómþing með honum.

Með bréfi 13. f. m. til rannsóknardómarans skaut hæstaréttarlögmaðurinn hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Í bréfi þessu segir svo: „Umbj. m. kveðst hafa verið hand-

tekinn um kl. 14 í gærðag. Hann hafi síðan ekki verið færður fyrir dómara fyrr en eftir kl. 15 í dag. Telur umbj. m., að úrskurður yðar sé því með öllu löglaus og brjóti í bága við stjórnarskrána. Auk þess telur umbj. m., að engin rök mæli með gæsluvarðhaldsúrskurðinum, enda séu öll mál þau, sem hann varðar, að fullu upplýst. Beiting gæsluvarðhalds sé því nú með öllu að ófyrirsynju, enda kveðst umbj. m. hafa verið í föstu starfi nú að undanfögnu“.

Um tímann frá handtöku varnaraðilja 12. f. m., þar til hann kom fyrir dóm, segir svo í skýrslu dómara 1. þ. m.:

„Að sögn Magnúsar Magnússonar, rannsóknarlögreglu-manns, liðu aðeins nokkrar mínútur frá því hann handtók Sigurvin Helgason að Bergstaðastræti 33 þann 12/5 s.l., þar til hann óskaði aðstoðar lögreglu við flutning Sigurvins í fangageymslu. Í lögregluskýrslu um flutning Sigurvins er beiðni Magnúsar sögð hafa komið kl. 14.06. Sigurvin var leiddur fyrir dómara kl. 14.40 þann 13/5. Undirritaður frétti um handtöku Sigurvins fyrir kl. 17.00 þann 12/5 og bar ábyrgð á málinu eftir það“.

Í þingbók 13. f. m. hefur rannsóknardómarinn látið undir höfuð leggjast að skrá, hvað klukkan hafi verið, er varnaraðili kom fyrir dóm, sbr. 4. mgr. 77. gr., sbr. 3. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Í hinum kærða úrskurði er eigi heldur getið, hvenær gæsluvarðhald hófst, en í lok þinghalds er skráð: „Kl. 15.10 er úrskurðarorðið lesið í heyrenda hljóði í dóminum“.

Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 hafi verið snið-gengin.

Með hliðsjón af sakaferli varnaraðilja og þeim kæruatrið-um, sem að framan eru rakin, þykir rétt, að hann sæti gæslu-varðhaldi, svo að ljúka megi ódæmdum málum hans, sbr. 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfi-lega ákveðinn allt að 60 dögum frá klukkan 1510 fimmtu-daginn 13. maí 1976 að telja.

Rannsókn í málum varnaraðilja hefur gengið mjög seint og eigi verið rekin með þeirri röggsemi, sem nauðsyn bar til, sbr. 138. gr. laga nr. 74/1974.

Forsendur hins kærða úrskurðar eru hvorki svo skýrar né glöggar sem skyldi, sbr. 164. gr. síðastnefndra laga, og eigi er getið um tímasetningar, svo sem að framan greinir.

### D ó m s o r ð :

Varnaraðili, Sigurvin Helgason, sæti gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum frá klukkan 1510 fimmtudaginn 13. maí 1976 að telja.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 13. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Sigurvin Helgason hefur hlotið 13 fangelsisdóma vegna hegningarlagabrota. Ódæmt er nú í 7 málum vegna ætlaðra hegningarlagabrota hans, þar af einu, er varðar þátt hans í mannsláti.

Kærði sat síðast í gæsluvarðhaldi frá 9. september 1975 til 16. febrúar 1976.

Kærði stal bifreið 28. apríl sl. og ók henni á miklum hraða niður Laugavegin. Ökuferðinni lauk með því, að bifreiðin hafnaði uppi á gangstétt eftir að hafa fellt ljósastaur ofan á aðra bifreið. Að eigin sögn var kærði drukinn, þegar þetta átti sér stað.

7. maí sl. var hann kærður fyrir tilraun til bíljófnadar. Hann heldur fram sakleysi sínu í því máli. Með tilvísun til framanritaðs hlýtur að teljast veruleg hætta á því, að kærði haldi áfram brotum, ef hann fær að ganga laus, áður en dómur gengur í málum hans. Ber því með tilvísun til 5. tl. 76. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða, að hann sæti gæsluvarðhaldi, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðaldstíminn allt að 100 dögum.

### Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurvin Helgason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 100 dögum.